

Fréttapistill frá forseta Íslands

21. mars 2020

Í skugga veirunnar höldum við áfram okkar daglega lífi eftir bestu getu. Hér kemur því að venju vikulegt yfirlit. Öllum viðburðum og fundum, sem voru skipulagðir fyrir margt löngu, hefur að sjálfsögðu verið frestað. Nefni ég hér sem dæmi aldarafmæli Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, stóru upplestrarkeppnina í Hafnarfirði, skóladag Árborgar, móttöku fyrir danska framhaldsskólanema og er þá ekki allt talið.

Ég sendi öllum þeim, sem nú glíma við veikindi, batakveðjur. Fólki í sóttkví sendi ég líka hlýja strauma. Ekki er ég sérfræðingur í þessum efnum en bendi á vísdomsorð sem fallið hafa um nauðsyn þess að hafa nóg fyrir stafni, setja sér reglur yfir daginn, halda skipulagi. Verum líka dugleg að hafa samband við hvert annað, á netinu eða í síma og með öllum tiltækum ráðum. Enn minni ég á tilmæli og leiðbeiningar heilbrigðisyfirvalda og stjórnvalda, auk allra annarra upplýsinga á vefnum covid.is.

Síðastliðinn miðvikudag heimsótti Eliza aðalstöðvar Rauða krossins í Reykjavík og hitti þar þá fjölmörgu sjálfbóðaliða sem sinna hjálparsímanum 1717. Fólk, sem vill ræða um líðan sína þessa erfiðu daga, getur hringt í það númer og talað við einvalið hinum megin línunnar. Daginn eftir, fimmtudaginn 19. mars, lagði ég leið mína í húsnæði Fjölskylduhjálpar Íslands í höfuðborginni. Nú er ekki hægt að úthluta matargjöfum þar með hefðbundnum hætti en hópur sjálfbóðaliða tók sig til og skipulagði matarsendingar heim til þeirra sem á því þurfa að halda, í samvinnu við Fjölskylduhjálpara og björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu.

Í gær sendi ég kveðju til íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum um land allt, auk starfsfólks þar og í heimaþjónustu fyrir aldraða. Þar sagði ég m.a.: „Já, nú stöndum við saman og það höfum við áður gert, það vitið þið vel. Við búum í harðbýlu landi, höfum glímt við sóttir og skort, náttúruhamfarir og önnur áföll. Við höfum haft betur í þeirri baráttu, höfum fetað saman heillabraut. ... Við sem yngri erum stöndum í þakkarskuld við eldri kynslóðir þessa lands, fólkið sem byggði upp samfélagið okkar. Við stöndum í þakkarskuld við ykkur, og vegni ykkur öllum vel.“ Hægt er að horfa á kveðjuna og lesa í heild sinni hér: <https://www.forseti.is/.../2020-03-20-kve%C3%Boja-til.../>. Von mín er að starfsfólk hafi tök á að flytja íbúum kveðjuna, og jafnvel aðstandendur í gegnum síma eða tölvu.

Þá sendi ég íbúum Húnaþings vestra, Norðurlþings og Vestmannaeyja sérstakar kveðjur. Á þessum stöðum hefur kórónuveiran haft tiltölulega mikil áhrif á samfélagið og nú er í öryggisskygni búið að setja á sérstakar kvaðir á ferðir fólks í Húnaþingi vestra og í Vestmannaeyjum.

Mikið mæðir á heilbrigðisstarfsfólki þessa lands. Á heilsugæslustöðvum landsins standa þessir framverðir okkar í ströngu, á sjúkrahúsum sömuleiðis og í heilbrigðiskerfinu öllu. Ég ítreka þær kveðjur sem ég hef þegar sent forystusveit okkar í baráttunni við veiruna skæðu, sjá <https://www.forseti.is/.../2020-03-12-kvedja-til...:>

„Ágæta heilbrigðisstarfsfólk: Mikið hefur mætt á ykkur að undanfögnu. Augljóst virðist að álagið mun aukast áður en okkur tekst að vinna bug á kórónuveirunni. Ég þakka ykkur fyrir að standa vaktina með okkur og fyrir okkur. Víðtækar aðgerðir stjórnvalda miða að því að verja líf og heilsu fólks. Allra mestu varðar að hjúkra þeim sem kunna að veikjast mest og þurfa á mestri aðhlyningu að halda. Þar verðið þið áfram í fararbroddi. Ég óska ykkur velfarnaðar þessa erfiðu daga og ítreka þakkir mínar.“

Í gær bættum við hjónin um betur. Landspítali hefur á að skipa teymi sem býr til og safnar saman hvers myndbandsefni um starfið þar. Þetta lið hélt til Bessastaða og tók upp kveðju okkar hjóna til starfsfólks spítalans og má sjá hana hér:

<https://www.landspitali.is/.../Forsetahjonin-avarpa.../>. Þá stóðum við utandyra um sjö-leytið og klöppuðum fyrir öllu okkar frábæra heilbrigðisstarfsfólki, eins og fjölmargir aðrir landsmenn.

Í dag er alþjóðadagur ljóðsins. Ég birti hér kveðskap sem ég hef mætur á, ekki alveg valinn af handahófi en það segir sig sjálft að af ótalmörgu er að taka. Fyrst kemur bútur úr þulum Theódóru Thoroddsen sem bjó hér á Bessastöðum með Skúla manni sínum og barnaskara þeirra. Orð hennar lýsa því vel að andvaraleysi dugar skammt. Hugtakið okkar, „þetta reddast“, má gilda um sumt í lífinu en annað ekki:

Tindilfætt er lukkan,
treystu' henni aldrei þó.
Valt er á henni völobeinið
og dilli-dó.

Síðan valdi ég mér ljóð Sigurðar Pálssonar, Raddir í loftinu. Kraftur þess er magnaður, málstaðurinn svo sterkur og boðskapurinn allur:

Hvað sem hver segir
byggir friður á réttlæti
Hvað sem hver segir
er fegurðin ekki skraut
heldur kjarni lífsins
Já gefðu mér rödd
gefðu mér spámannsrödd
til að bera fegurðinni vitni
Gefðu mér rödd
til að bera réttlætinu vitni.

Í dag er líka Alþjóðlegi Downs-dagurinn. Þessi dagur, 21. dagur þriðja mánaðar ársins, er ekki valinn út í bláinn. Þeir sem fæðast með Downs-heilkenni eru með eitt eintak aukalega af litningi 21 í frumum sínum svo að þeir verða samtals þrír. Á þessum degi er hollt að minnast þess að við eigum að koma fram við samborgara okkar af virðingu, að enginn á að setja sig á háan hest. Á þessum degi minnum við líka á mikilvægi fjölbreytni í samfélaginu, á táknrænan hátt með því að leyfa sér að klæðast mislitum og litríkum sokkum. Því birti ég glaður hér að neðan mynd frá fyrsta Downs-deginum mínum hér á Bessastöðum, árið 2017, mynd sem var tekin fyrir Downs-félagið hér á landi. Ég óska öllum liðsmönnum þess til hamingju með daginn.

Að lokum hvet ég alla, sem á því hafa tök, að huga að heilsubót, útiveru og hreyfingu. Spennan í samfélaginu er nánast áþreifanleg, erfitt að slíta sig frá fjölmiðlum og fésbók, twitter og öllu hinu. Næstu vikur og mánuði mun áfram reyna á okkur öll. Sá vandi, sem við glímum nú við, verður viðameiri áður en við náum að fagna sigri. En sigri munum við fagna, og það saman. Auðvitað vitum við aldrei með fullri vissu hvað morgundagurinn ber í skauti sér en í því felst einmitt hin fagra óvissa lífsins. Síðasta myndin með þessum pistli var tekin á fögrum morgni í fögru landi – vegurinn er fram undan, leiðin ákveðin en ófarin.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar, kæru landsmenn.